

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10 – 2024

Staður: Teams og Hvanneyri

Tími: Þriðjudagur 26. nóvember 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þórunn Jónsdóttir, Birgir Þór Haraldsson.

Ingiberg Daði Kjartansson boðaði forföll.

Christian Schultze sat fundinn undir lið 4.

1. Skipurit og reglur

Farið var yfir ný drög að reglum og tillögur vinnuhópa um kennslu og rannsóknir lagðar fram. Framhaldsháskólafundur verður haldinn þann 10. des. nk. þar sem lokið verður við umsögn um reglurnar og þær lagðar fram til afgreiðslu á næsta háskólaráðsfundi þann 17. des. Athugasemdir við núverandi drögum verði sendar rektor fyrir 2. des.

2. Starfsreglur öryggisnefndar

Starfsreglur öryggisnefndar voru samþykktar samhljóða.

3. Málstefna

Drög að málstefnu voru lögð fram og rædd. Afgreiðsla fyrirhuguð á næsta fundi háskólaráðs.

4. Kynning frá rannsókn- og alþjóðafulltrúa

Rannsókn- og alþjóðafulltrúi var gestur fundarins og fór yfir helstu þætti. Skólinn er að fá aukið fjármagn frá Erasmus fyrir ferðir nemenda og starfsfólks. Þá komast færri erlendir skiptinemar að en vilja, en flöskuhálsinn er takmarkað gistipláss á Nemendagörðum. UNIGreen samstarfið gengur vel og við erum að fá fleiri erlend samstarfsverkefni samþykkt úr samkeppnissjóðum, nýverið fékkst t.d. eitt Horizon verkefni samþykkt og tvö verkefni úr öðrum Evrópusjóðum. Þá er mikil virkni í jarðrækt með nokkrum erlendum samstarfsverkefnum. Ein umsókn um Marie-Curie styrk verður send á morgun. Stöðugildi á alþjóðasviði eru nú fjögur og auglýsing fer í loftið á næstunni til að auka stuðning við fjármálastjórn verkefna og almenna verkefnisstjórn. Námskeið um notkun gervigreindar í umsóknarskrifum var haldið nýverið og var góð þátttaka starfsmanna. Stofnaður hefur verið samráðsvettvangur háskólaneta með þátttöku þeirra fjögurra íslensku háskóla sem eru þátttakendur í slíkum netum (LbhÍ, HÍ, HR og Bifröst). Loks má nefna að utanríkisráðuneytið og háskólaráðuneytið hafa áhuga á að efla samstarf þróunarsamvinnu og háskóla og förum við á fund með fulltrúum ráðuneytanna

vegna þessa í næstu viku. Við erum þar að horfa til þess að fá stuðning til að bjóða nemendum frá Malawi, Sierra Leone og Úganda til að taka þátt í Restoration Ecology (MSc nám).

5. Mál til kynningar

- a. Bréf lagt fram frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til FSRE, þar sem óskað er eftir áætlun um lagfæringar á húsnæði Lbhí á Hvanneyri til að hýsa starfsfólk stofnana ráðuneytisins.
- b. Fjármál – áætlun vegna 2025 og til þriggja ára 2025-2027 hafa verið sendar ráðuneytinu.
- c. Jarðræktarmiðstöð – vinna í gangi og búið að semja við verktaka á vegum Lbhí til aðstoðar.
- d. Hestbúið – vinna í gangi og yfirfærsla búsins til Hvanneyrabúsins áætluð frá 1. jan. nk. Verið er að setja upp nýtt loftræstikerfi þessa dagana.
- e. Nýr samningur við matvælaráðuneytið í undirbúningi sem tæki gildi um næstu áramót þegar núverandi samningur rennur út, búið að funda með fulltrúum ráðuneytisins um áhersluatriði.
- f. Tillaga lögð fram um endurskoðun verknámsins. Efi um að tveir mánuðir á sama bænum sé besta leiðin fyrir nemendur. Ákveðið að fela brautarstjóra í búfræði að taka málið áfram og gera jafnvel könnun meðal verknámsbæja, núverandi og fyrrverandi nemenda.

RIP